

Reykjavík, 31. október 2018  
VEL2016020034  
341. fundur  
AT/sf

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. nóvember 2018

## Stöðumat

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri

---

### Stöðumat I á aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar um þróun þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 - 2023.

#### Forsaga:

Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2023 var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 3. apríl 2014 og borgarstjórnar þann 15. apríl 2014. [Aðgerðaáætlun](#) með stefnunni var lögð fyrir velferðarráð 3. mars 2016 og að nýju 9. júní 2017.

Meðfylgjandi er stöðumat á aðgerðaáætluninni.

## Sjálfstætt líf

- ✓ **Innleiða hugmyndafræði um sjálfstætt líf í sértæka búsetu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Skoðað verði einnig hvaða aðferðafræði skal beita í sértækri búsetu til að styðja við hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: 2016–2023*

Starfshópur um innleiðingu hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf skilaði skýrslu í mars 2016 ásamt tillögum að aðferðum/nálgunum til að ná markmiðum innleiðingar. Skýrslan var kynnt á 287. fundi velferðarráðs 26. maí 2016. Vinnufundur með stjórnendum á velferðarsviði var haldinn 2. nóv. 2016 og markaði hann upphaf innleiðingar. Innleiðing stendur yfir. Skipuð hafa verið innleiðingarteymi í öllu sértæku húsnæði. Jafnframt hafa verið skipaðir hverfabundnir innleiðingarhópar sem fylgja eftir innleiðingu í sínu hverfi.

- ✓ **Í kröfulýsingum búsetuúrræða sé gerð krafa um að unnið sé skv. leiðarljósum í hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**
- ✓ **Árleg úttekt á þróun innleiðingar á hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra og skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: 2016–2023*

Í öllum kröfulýsingum sértækra húsnæðisúrræða er gerð krafa um að unnið sé skv. hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Úttektir á þróun innleiðingar hafa ekki farið af stað.

- ✓ **Reglulegir upplýsingafundir með starfsmönnum í þjónustu við fatlað fólk þar sem m.a. er farið yfir stöðu innleiðingar.**
- ✓ **Komið sé á markvissu, reglubundnu samráði við íbúa í sértækri búsetu á vegum velferðarsviðs með það að leiðarljósi að fólk fái sem mestu ráðið um eigið líf.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu og skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: 2015–2023*

Á öllum sambýlum/íbúðakjöllum hafa verið sett á laggirnar innleiðingarteymi með aðkomu íbúa.

✓ **Reglubundin fræðsla um hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

*Ábyrgðaraðili: Mannauðsstjóri velferðarsviðs*  
*Tímaáætlun: 2016–2023*

Þriggja tíma reglubundin námskeið hafa verið haldin frá 2016 þar sem hugmyndafræðin er kynnt.

Starfsmenn skrifstofu málefna fatlaðs fólks hafa farið á starfsmannafundi í búsetu, dagþjónustu, skammtímavistunum, þjónustumiðstöðvum og heimili fyrir börn þar sem hugmyndafræðin hefur verið kynnt.

*Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)*

- ✓ **Endurskoða reglur um notendastýrða persónulega aðstoð til samræmis við þau lög sem sett verða.**
- ✓ **Undirbúa framkvæmd á notendastýrðri persónulegri aðstoð til framtíðar.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks*  
*Tímaáætlun: 2016-2017*

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi 1. október 2018. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur um NPA verði tilbúnar fyrir árslok 2018. Samhliða verður unnið að framkvæmd á NPA til framtíðar til samræmis við ákvarðanir ríkisins og borgar um framlög til fjölgunar á samningum um NPA.

Samráð verður haft við hagsmunasamtök fatlaðs fólks við gerð reglnanna.

*Þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk*

- ✓ **Stofnaður verði vinnuhópur sem fái það hlutverk að skoða þörf og þær breytingar sem ráðast þarf í til að aldrei fatlað fólk eigi val um að fá þjónustuíbúð til jafns við aðra aldrei borgarbúa.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar og húsnaðismála*  
*Tímaáætlun: Ágúst 2017*

Hefur tafist vegna andstöðu frá hagsmunasamtökum þar sem íbúðir sem eru til umráða eru of litlar. Frekari hugmyndir um nýtingu þjónustuíbúða fyrir fatlað fólk verða tengdar niðurlagningu herbergjasambýla og verður sérstaklega horft til byggingar DAS á íbúðum við Sléttuveg.

*Tímabundin búseta til kennslu, þjálfunar og stuðnings*

- ✓ **Stofnaður verði vinnuhópur sem skoði þörf, kostnaðarmeti og kortleggi kosti og galla þess að opna heimili fyrir ungt fólk með**

Vinnuhópur var settur á laggirnar til að kanna hug hagsmunaaðila til tillögunnar en þeir höfðu henni. Engu að síður var ákveðið að setja slíka hugmynd inn í uppbyggingaráætlun en hún mun verða endurskoðuð.

**Þroskahömlun þar sem veittur er tímabundinn stuðningur, þjálfun og kennsla.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu öldrunar og húsnæðismála  
Tímaáætlun: 2017–2018*

**Aðgerð skv. aðgerðaáætlun**

**Staðan í október 2018**

*Sveigjanleiki:*

- ✓ **Skoðaðir verði möguleikar á auknum sveigjanleika í þjónustutilboðum við upphaf fullorðinsára fatlaðra barna sem hafa þörf fyrir þjónustu allan sólarhringinn.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: 2017–2020.*

Sett var á laggirnar tilraunaverkefnið frá barni til fullorðins 2017, þar sem 4 ungmenni sóttu um þátttöku. Allir umsækjendur taka þátt í tilraunaverkefninu sem stendur til ársins 2020.

*Endurskoðun mælitækja í stuðningsþjónustu:*

- ✓ **Mælitæki í stuðningsþjónustu endurskoðað m.t.t. skýrslu starfshóps um mælitæki frá ágúst 2015.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra  
Tímaáætlun: 2016–2017.*

Hefur tafist vegna vinnu við lagasetningu og endurskoðun reglna um stuðnings- og stoðþjónustu.

*Endurskoðun reglna um stuðningsþjónustu:*

- ✓ **Vinna við undirbúning nýrra reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík er hafin og verða þær unnar í samráði við notendur.**
- ✓ **Gera heildarverklag og verkferla fyrir hvernig mat á þjónustu við fatlað fólk er framkvæmt hjá Reykjavíkurborg.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: Árslok 2018.*

Í vinnslu – beðið hefur verið eftir nýrri lagasetningu og verður unnið með skrifstofu ráðgjafarþjónustu og öldrunar- og húsnæðismála. Áætlað að verði lokið fyrir árslok 2018. Umræða um heildarverklag og verkferla um mat á þjónustu verður tekin samhliða nýjum reglum.

*Breyttar þjónustubarfir:*

- ✓ **Stofnaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að skoða þær breytingar sem ráðast þarf í á næstu árum til að mæta sérstaklega þörfum aldraðs fatlaðs fólks m.t.t. þjónustu í búsetuúrræðum velferðarsviðs.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: 2018.*

Áætlað er að hópurinn fari af stað fyrir árslok 2018. Starfshópur um niðurlagningu herbergjasambýla hefur skoðað málefni aldraðra fatlaðra íbúa herbergjasambýla og er að vinna áætlun.

Með tilkomu velferðartæknismiðju verði horft til þess að velferðartækni gæti nýst við að þjónusta eldri íbúa í sértæku húsnæði.

*Þjónusta út frá búsetukörnum:*

- ✓ **Skipaður verði starfshópur sem vinni að útfærslu þjónustunnar á grundvelli skýrslunnar, starfshópnum verði m.a. falið að gera kostnaðarmat.**
- ✓ **Skoða leiðir til að samhæfa þjónustumat þannig að það nái að lýsa þörf einstaklinga fyrir stuðnings- og heimaþjónustu og hvernig hægt sé að mæta þörfum þeirra.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks  
Tímaáætlun: 2018.*

Starfshópur tók til starfa skv. erindisbréfi í september 2018 og mun skila af sér niðurstöðum fyrir árslok 2018.

*Upplýsingamiðlun:*

- ✓ **Unnið verði verklag um miðlun upplýsinga til notenda meðan á málsmeðferð stendur í samræmi við stjórnarsýslulög/reglur. Í verklagi skal m.a. skilgreina leiðbeiningar- og frumkvæðisskyldu starfsmanna gagnvart upplýsingagjöf um hvenær svara við erindi/umsókn er að vænta, hvernig málsmeðferð er háttað og hvert hægt sé að beina fyrirspurn um gang mála.**

*Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu  
Tímaáætlun: 2017.*

Í desember 2017 var settur á laggirnar starfshópur um kortlagningu á stöðu umsækjenda um sértækt húsnæði og eftirfylgd með áætlunum. Eitt af verkefnum hópsins er að útbúa verklag um hvernig upplýsingagjöf til umsækjanda á biðtíma skuli háttað. Unnið hefur verið með fulltrúum þjónustumiðstöðva en starfshópurinn hefur ekki lokið störfum og er verkefnið í vinnslu.



## Aðgerð skv. aðgerðaáætlun

Árlegt mat á gæðum  
þjónustunnar:

✓ **Notendakannanir, úttektir og/eða rannsóknir meðal íbúa og/eða starfsmanna á heimilum fatlaðs fólks sem rekin eru af velferðarsviði.**

Eftirfarandi úttektir og kannanir hafa verið framkvæmdar meðal notenda og starfsmanna:

2011 Aðstoð við viðhorfskönnun meðal starfsmanna Vettvangsteymis – geð.

2015 Úttekt á því hvort búseta hafi dregið fram breytingar á lífi íbúa á Njálsgötu 65

2016 Úttekt á málaumhverfi íbúa í Hlaðbæ 2.

2016/17 Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, notenda og aðstandenda í þrem búsetukjörnum fyrir fatlað fólk (K3) varðandi líf

2017 Er margbreytileiki til staðar í starfsmannahópi á sambýlum og búsetukjörnum fyrir fatlað fólk? Notendakönnun.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri  
á skrifstofu sviðsstjóra  
Tímaáætlun: Árlega til loka  
árs 2023.

Þróun námskeiða:

**Leggja áherslu á að í fræðsluáætlun velferðarsviðs séu reglulega námskeið um eftirfarandi:**

- Nýliðanámskeið fyrir starfsmenn sem eru að hefja störf,
- góða stjórnsýsluhætti,

Frá árinu 2016 hefur mikil áhersla verið lögð á námskeið um þjónustu við fatlað fólk og haldin hafa verið námskeið og farandi. Sú vinna er í stöðugri þróun og er boðið upp á þessi námskeið reglubundið.

- samskipti, viðmót,  
viðhorf og  
framkomu,
- valdeflingu,
- notendasamráð,
- hugmyndafræði  
um sjálfstætt líf,
- sáttmála  
Sameinuðu  
þjóðanna um  
réttindi fatlaðs  
fólks og  
hugmyndafræði  
hans,
- heildarsýn,  
samráð og  
samvinnu,
- helstu lög og  
reglugerðir í  
málefnum fatlaðs  
fólks og yfirfærslu  
þeirra í  
framkvæmd  
þjónustu,
- umönnun mikið  
fatlaðra  
einstaklinga,



- nauðung skv. lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

*Ábyrgðaraðili:*

*Mannauðsstjóri velferðarsviðs*

*Tímaáætlun: 2016–2023.*

**Aðgerð skv. aðgerðaáætlun**

*Notendasamráð*

- ✓ Þegar efnt er til formlegs notendasamráðs skal ávallt liggja fyrir skilgreining á markmiðum og tilgangi samráðs til að tryggja sameiginlega sýn aðila á verkefnið. Markmið og tilgangur skulu skilgreind á sérstöku samkomulagsblaði í upphafi samráðs.
- ✓ Við alla stefnumótun og þróun í tengslum við málefni fatlaðs fólks skal haft samráð við

Síðastliðin tvö ár hefur verið viðhaft notendasamráð á grundvelli framkvæmdaáætlunar sem mannréttindaskrifstofa leiðir, en þ. Breytingar eru í farvatninu í tengslum við ný lög um þjónustu við fatlað fólk og breytingar á félagsþjónustulögum. Mikil áhersla er lögð á þróun notendasamráðs hjá velferðarsviði.

**notendaráð sem  
Mannréttindaskrifs  
tofa leiðir.**

*Ábyrgðaraðili:  
Skrifstofustjóri á skrifstofu  
sviðsstjóra  
Tímaáætlun: 2016–2023.*

- ✓ **Í allri þjónustu við  
fatlað fólk skal  
viðhafa  
notendasamráð og  
það skráð í  
málsskjöl  
viðkomandi, með  
skýrum hætti, með  
hvaða hætti  
notendasamráðið  
fór fram.**
- ✓ **Við gerð  
einstaklingsáætlana  
skal tryggt með  
formlegum hætti að  
notendasamráð sé  
viðhaft og að  
sjónarmið notenda  
komi skýrt fram.**

*Ábyrgðaraðili:  
Framkvæmdastjórar*

Samkvæmt upplýsingum frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er ætíð viðhaft notendasamráð við daglega þjónustu. Sk  
Nánast allir íbúar hafa einstaklingsáætlun þar sem skýrt kemur fram hvernig notendasamráð fór fram um hana.



---

**Aðgerð skv. aðgerðaáætlun**

*Ráðgjafateymi í þjónustu við  
fatlað fólk*

---

#### Aðgerðir:

- ✓ Starfandi er teymi fagfólks þvert á hverfi úr öllum þjónustumatsteymum velferðarsviðs sem er vettvangur fyrir upplýsingagjöf, samhæfingu og viðbrögð við álitamálum. Deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafarþjónustu leiðir teymið en í því sitja lykilstarfsmenn í þjónustu við fatlað fólk á velferðarsviði.

Ábyrgðaraðili:

Skrifstofustjóri á

skrifstofu

ráðgjafarþjónustu

Tímaáætlun: 2015–2023.

Þessi hópur var lagður af á árinu 2016. Deildarstjórar af sviðinu hittast reglubundið þrátt fyrir að hópurinn starfi ekki samkvæmt

